



Alþingi
Erindi nr. P 130/654
komudagur 19.12.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Elíнар V. Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. desember 2003

Sam 347/2003 ÞS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. desember, var lagt fram bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 305. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um breytingar á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 305. mál

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mælir með samþykkt frumvarpsins að teknu tilliti til breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að styrkur til hitaveitu, skv. 1. ml. 12. gr. geti numið allt að 10 ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði í stað 8 ára.

Í frumvarpsgreininni er lagt til að styrkur til stofnunar hitaveitu jafngildi áætlaðri niðurgreiðslu á veitusvæði vegna átta ára en er fimm samkvæmt gildandi lögum. Þótt verið sé að auka styrkveitingu með þessum hætti þá er lagt til að styrkur miðist við tíu ár í stað átta enda ljóst að hitaveitur eru langtíma fjárfesting og því hefur stofnun þeirra þau áhrif að niðurgreiðslur vegna húshitunar falla niður í áratugi. Eðlilegt er því að styrkveitingar vegna nýrrar hitaveitu nemi hærrí fjárhæð en áætluðum átta ára niðurgreiðslum. Einkum á þetta við um framkvæmdir við dreifikerfi hitaveitu, þ.e. tengingar til heimila, sem e.t.v. teljast ekki hagkvæmar fyrir viðkomandi hitaveitu vegna mikils kostnaðar en teldust þó samfélagslega hagkvæmar vegna þess að niðurgreiðslur vegna húshitunar myndu falla niður í áratugi. Áhrif ofangreindrar tillögu um hærrí framlög til dreifikerfa hitaveitna hefur ekki aðeins þau áhrif að hagkvæmara verður að stækka dreifikerfi þeirra heldur skapast betri grundvöllur fyrir stofnun nýrra hitaveitna.

Tillaga um að miða styrk við 10 ára áætlaðar niðurgreiðslur er samhljóða umsögn stjórnar sambandsins um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, sem varð að nógildandi lögum, sem gerð var á stjórnarfundum 12. apríl 2002.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 12. desember 2003.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri